

Fylgiskjal 1

Ábendingar aðstoðarmanns	Afstaða þín til ábendinga
<p>Framlegð af vörusölu:</p> <p>Framlegð: Hærri framlegð af vörusölu á árinu 2021 en 2020 skýrist að hluta til af því að félagið flokkar nú sölu- og dreifingarkostnað ekki sem hluta af kostnaðarverði sölu, ólíkt því sem það gerði á árinu 2020 en þá nam sölu- og dreifingarkostnaður 90.000.</p>	
<p>Birgðir: Stjórnendur komust að því nýlega að birgðir í lok árs 2020 voru vantaldar, því það gleymdist að telja einn hluta lagersins. Birgðir hefðu þannig átt að vera 70.000 en ekki 60.000 í ársreikningi 2020.</p>	
<p>Afskriftir rekstrarfjármuna: Lægri afskriftir rekstrarfjármuna á árinu 2021 en 2020 skýrast af breyttum forsendum um nýtingartíma og hrakvirði vélasamstæðu. Afskriftir hennar námu 800 á árinu 2021 en hefðu verið 1.000 að óbreyttum forsendum.</p>	
<p>Virðisrárnun viðskiptakrafna: Frá stofnun félagsins árið 2010 hafa viðskiptakröfur í árslok að jafnaði verið færðar niður um 3% og hefur það reynst hæfilegt við mat á virðisrárnun. Í árslok 2020 færðu stjórnendur viðskiptakröfur hins vegar niður um 15% því þeir töldu að veruleg áhætta væri vegna krafna á ferðapjónustufyrirtæki, sem voru verulegar, enda höfðu þau fyrirtæki orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna COVID-19. Niðurfærsla viðskiptakrafna á ferðapjónustufyrirtæki var því 1.500</p>	

Ábendingar aðstoðarmanns	Afstaða þín til ábendinga
<p>en hefði verið 300 miðað við sama hlutfall og árin á undan, þ.e. 3%. Endanlega tapaðar kröfur á ferðapjónustufyrirtæki vegna krafna í lok árs 2020 reyndust hins vegar mun lægri á árinu 2021 en reiknað var með, nánar tiltekið 300 en ekki 1.500. Í árslok 2021 eru viðskiptakröfur færðar niður um 3%. Þetta skýrir virðisaukningu viðskiptakrafna á árinu 2021.</p>	
<p>Endurmat rekstrarfjármuna: Í lok árs 2021 ákvað félagið að beita í fyrsta sinn endurmatsheimild IAS 16. Þrjár fasteignir voru endurmetnar. Bókfært verð fasteignar A var hækkað um 100.000, bókfært verð fasteignar B um 90.000 en bókfært verð fasteignar C lækkað um 20.000. Félagið hækkaði því bókfært verð fasteigna um 170.000 og færði sömu fjárhæð á endurmatsreikning.</p>	
<p>Eignfærður þróunarkostnaður: Þróunarvinnu við sölukerfi félagsins lauk í árslok 2018 og var kerfið tekið í notkun í upphafi árs 2019. Í ljós hefur komið að mistök voru gerð á fyrningaskýrslum því afskriftaprósentan 0% var sett inn í skýrslurnar í stað 10%. Eignfærður þróunarkostnaður hefur því ekkert verið afskrifaður. Hrakvirði hugbúnaðarins er núll.</p>	
<p>Annað: Við skoðun á lánaskilmálum félagsins sá aðstoðarmaður þinn að skilmálar á eina langtímaláni félagsins voru ekki uppfylltir í árslok 2021 og því var lánveitanda félagsins heimilt að gjaldfella það. Samkomulag um afléttingu lánaskilmála náðist í febrúar</p>	

Ábendingar aðstoðarmanns	Afstaða þín til ábendinga
2022 og því er ekki lengur heimilt að gjaldfella lánið.	
Ef þú telur eftir að hafa yfirfarið drög að rekstrar- og efnahagsreikningi ársins 2021 að fleiri skekkjur séu til staðar sem aðstoðarmanni þínum hefur yfirsétt skaltu útskýra þær hér:	